

Kópavogsbær

Ársreikningur 2022



Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.....	1
Áritun óháðs endurskoðanda	3
Rekstrarreikningur 2022.....	7
Efnahagsreikningur 31. desember 2022.....	8 - 9
Yfirlit um sjóðstreymi.....	10
Skýringar og lykiltölur.....	11 - 27
Yfirlit viðauka.....	28 - 31
Yfirlýsing um stjórnarhætti.....	32

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu 2022 námu 45.513 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 43.574 m.kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 43.345 m.kr. en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 41.664 m.kr. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 2.083 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum var gert ráð fyrir 53 m.kr. neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 2.047 m.kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu að fjárhæð 128 m.kr. Eigið fé samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi A og B hluta í árslok 2022 nam 35.815 m.kr. en eigið fé á A hluta nam 18.613 m.kr.

Laun og launatengd gjöld A og B hluta á árinu námu alls 23.685 m.kr. Fjöldi á launaskrá í árslok var 3.123 en meðal stöðugildi á árinu voru 2.053 að undanskilyldum vinnuskóla og vinnuframlagi í nefndum. Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 166 m.kr. á árinu 2022.

Íbúar Kópavogsbæjar þann 1. desember 2022 voru 39.793 og fjölgaði þeim um 806 frá fyrra ári eða um 2%.

Áhrif Covid-19 faraldursins fjöruðu út á fyrstu mánuðum ársins og þar með áhrif hans á rekstur bæjarins.

Ársreikningur Kópavogsbæjar fyrir árið 2022 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Kópavogi 18. apríl 2023

Bæjarstjóri: *Pædis Kristjánsdóttir*

Bæjarráð:

*Ómi Mjølverssen
Frjáðs Johnson
Anni Steinn Humpalun*

*Theodór Forsteinsdóttir
Helga Jónsdóttir*

Ársreikningur Kópavogsbæjar fyrir árið 2022 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Kópavogi, 9. maí 2023

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Kópavogsbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kópavogsbæjar fyrir árið 2022, að undanskilinni skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til bæjarstjórnar.

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta og innifelur:

- Skýrslu og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.
- Rekstrarreikning 2022.
- Efnahagsreikning 31. desember 2022.
- Yfirlit um sjóðstreymi.
- Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óhæði

Við erum óháð sveitarfélaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt sveitarfélaginu er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Við höfum ekki veitt sveitarfélaginu aðra þjónustu en endurskoðun á árinu 2022.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins árið 2022. Sem hluti af endurskoðun okkar á ársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á ársreikningnum í heild.

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Vatnsendamál	Endurskoðun okkar á Vatnsendamálinu fólst meðal annars í eftirfarandi:
Fyrir ábúendur Vatnsenda hafa stefnt bænum vegna eignarnáms á landi Vatnsenda árin 1992, 1998, 2000 og 2007.	Við funduðum með lögfræðingi sveitarfélagsins og fórum með honum yfir forsendur málsins.
Um er að ræða tvö aðskilin mál.	Við yfirfórum málgögn og dómsniðurstöðu.
Dómur féll í Vatnsendamáli I í Héraðsdómi Reykjaness í desember 2020. Vegna þeirrar niðurstöðu var færð skuldbinding í ársreikning Kópavogsbæjar í samræmi við niðurstöðu dómsins sem er að fjárhæð 1.856 milljónir með vöxtum í árslok 2022. Á móti skuldbindingunni var færð sama fjárhæð sem eign á landi. Með dómi Landsréttar í júní 2022 var Kópavogsbær sýknaður af öllum kröfum stefnenda. Hinsvegar hefur málið fengið áfrýjunarleyfi í Hæstarétti og var málið flutt þar þann 26. apríl 2023. Búast má við dómi Hæstaréttar í lok maí 2023. Hafa ber í huga að enn er óvissa um fjárhæðir þar til endanlegur dómur fellur.	Við yfirfórum forsendur og útreikninga stjórnenda við færslu skuldbindingar í ársreikninginn.
Dómur varðandi aðild Kópavogsbæjar er ekki fallinn í Vatnsendamáli II. Engin skuldbinding hefur verið færð vegna þessa hluta málsins enda óvíst um niðurstöðu og fjárhæðir.	Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.
Stefnur þessar eru lykilatriði í endurskoðun okkar þar sem um verulegar fjárhæðir er að tefla fyrir reikningsskil A og B hluta sveitarfélagsins.	
Sjá nánar skýringu nr. 32 um dómsmál.	

Áritun óháðs endurskoðanda

Lykilatriði endurskoðunarinnar	Endurskoðunaraðgerðir
Mat á lífeyrisskuldbindingu	Stjórnendur Kópavogsbæjar fengu aðstoð utanaðkomandi tryggingastærðfræðings til að reikna áfallna lífeyrisskuldbindingu í árslok.
Lífeyrisskuldbinding A og B hluta Kópavogsbæjar er 11.001 milljónir króna í árslok 2022 eða 12,2% af efnahag sveitarfélagsins.	Endurskoðun okkar á mati lífeyrisskuldbindingar fólst meðal annars í eftirfarandi þáttum:
Lífeyrisskuldbindingin er færð miðað við núvirði áætlaðra greiðslna til framtíðar. Stjórnendur byggja mat sitt á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar sem framkvæmd var miðað við lok árs 2022. Breyting skuldbindingarinnar á árinu er færð í rekstrarreikning.	Við fórum yfir niðurstöður tryggingastærðfræðingsins og lögðum mat á hæfni og óhæði hans.
Mat stjórnenda á fjárhæð lífeyrisskuldbindingar er lykilatriði í endurskoðun okkar þar sem um er að ræða verulegan matskenndan lið í reikningskilum A og B hluta sveitarfélagsins.	Við mynduðum okkur væntingar um stöðu lífeyrisskuldbindingarinnar miðað við þekktar stærðir svo sem launaþróun, eignastöðu og rekstrarkostnað lífeyrissjóða.
Sjá nánar skýringu nr. 14 um reikningsskilaaðferðir, skýringu nr. 19 um laun og launa tengd gjöld og skýringu nr. 27 um lífeyrisskuldbindingar.	Við fórum yfir útreikninga stjórnenda og tryggingastærðfræðings og bárum saman við væntingar okkar.
	Við fórum yfir hvort reikningshaldsleg meðferð lífeyrisskuldbindinga í ársreikningi sé í samræmi við settar reikningsskilareglur.
	Viðeigandi skýringar voru yfirfarnar.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra og yfirlýsing um stjórnarhætti og aðrar upplýsingar sem fylgja ársreikningi í viðauka, og lágu fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum sveitarfélagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning sveitarfélagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi þess. Stjórnendum sveitarfélagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirliti sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi sveitarfélagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralaus álit. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að sveitarfélagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga rekstrareininga sem falla undir A og B hluta sveitarfélagsins til að gefa út álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar ársreiknings sveitarfélagsins. Við berum ábyrgð á álit okkar.

Við upplýsum bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við bæjarstjórn að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst bæjarstjórn um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Ráðning endurskoðanda

Við vorum ráðin endurskoðendur sveitarfélagsins vegna endurskoðunar ársins 2016 og höfum við verið endurskoðendur sveitarfélagsins síðan eða í samfelld 7 ár.

Reykjavík, 9. maí 2023.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Ljósbrá Baldursdóttir
löggitur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2022

Rekstrartekjur:	Skýr.	A-hluti			A og B hluti		
		Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021
				*endurgert			*endurgert
Skatttekjur		33.273.325	32.717.944	30.396.969	33.175.478	32.630.748	30.306.801
Framlög jöfnunarsjóðs		2.180.298	1.778.602	1.843.772	2.180.298	1.778.602	1.843.772
Aðrar tekjur		7.890.974	7.167.697	8.104.868	10.157.621	9.164.816	10.184.353
	3,18	43.344.597	41.664.242	40.345.610	45.513.397	43.574.166	42.334.925
Rekstrargjöld:							
Laun og launatengd gjöld	19	23.547.865	22.668.318	22.245.526	23.685.424	22.846.252	22.370.387
Breyting lífeyrisskuldbindingar	14,19,27	1.407.138	1.156.910	1.056.416	1.407.138	1.156.910	1.056.416
Annar rekstrarkostnaður		16.362.475	15.392.492	14.346.595	17.240.778	16.257.804	14.950.862
		41.317.479	39.217.721	37.648.538	42.333.340	40.260.966	38.377.665
Afskriftir	7,22	1.673.371	1.488.542	1.536.876	1.903.410	1.718.620	1.763.648
		1.673.371	1.488.542	1.536.876	1.903.410	1.718.620	1.763.648
Rekstrarniðurstaða án fjárm.tekna og fjárm.gjalda		353.747	957.979	1.160.196	1.276.647	1.594.579	2.193.612
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	20	(2.401.088)	(1.086.112)	(1.586.232)	(3.359.574)	(1.647.130)	(2.055.893)
Rekstrarniðurstaða	21	(2.047.341)	(128.133)	(426.036)	(2.082.927)	(52.551)	137.720

* sjá skýringu 2, 5.mgr.

Efnahagsreikningur 31.desember 2022

EIGNIR

Skýr.	A-hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021
		*endurgert		*endurgert
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir:				
Fasteignir	32.859.882	30.868.910	55.820.849	49.300.361
Götur, lönd, veitukerfi og hafnarmannvirki	21.462.642	20.899.621	25.193.068	24.763.533
Vélar, áhöld og tæki	496.075	507.984	497.717	509.995
Leigð eign	15,29	12.479	12.479	44.893
	6,7,22	54.831.077	52.321.409	81.524.112
				74.618.782
Áhættufjármunir og langtímakröfur:				
Eignarhlutir í félögum	8,23	2.318.378	2.267.071	592.461
Fyrirframgreiddur kostnaður	9,23,27	1.690.780	1.762.822	1.690.780
Langtímakröfur	9,24	253.931	613.643	391.068
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	9	1.601.954	1.529.239	
		5.865.042	6.172.775	2.674.309
				3.019.664
Fastafjármunir samtals				
		60.696.119	58.494.184	84.198.421
				77.638.447
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Óinnheimtar tekjur	10,25	3.107.555	3.948.368	3.107.555
Næsta árs afborganir langtímakrafna	9,24	138.599	178.120	138.599
Næsta árs afborganir krafna á eigin fyrirtæki	9	69.770	67.679	
Fyrirframgreiddur kostnaður	9,23,27	758.352	571.497	758.352
Aðrar skammtímakröfur		1.048.527	851.249	1.079.871
Handbært fé	12	937.300	458.472	969.376
		6.060.102	6.075.384	6.053.753
				6.060.268
Veltufjármunir samtals				
Eignir samtals				
		66.756.221	64.569.568	90.252.174
				83.698.715

* sjá skýringu 2, 5.mgr.

Eignir utan efnahags..... 13

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

Skýr.	A-hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021
		*endurgert		*endurgert
EIGIÐ FÉ				
Eiginfjárreikningur.....	26	18.612.998	20.547.938	35.815.055
Hlutdeild minnihluta í dótturfélagi.....		0	0	65.744
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbinding	14,27	10.396.801	9.630.574	10.396.801
Aðrar skuldbindingar.....	32	2.239.688	2.012.647	2.239.688
		12.636.489	11.643.221	12.636.489
Langtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir	16,28	18.239.161	22.383.474	24.054.156
Leiguskuldir.....	15,29		10.951	10.951
		18.239.161	22.394.424	24.054.156
Skammtímaskuldir:				
Skuldir við lánastofnanir		3.557.452	962.003	3.557.452
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16,28	5.920.335	2.156.865	6.233.394
Næsta árs afb. lífeyrisskuldbindingar.....	27	604.340	532.790	604.340
Næsta árs afborgun leiguskuldar	15,29	12.479	33.942	12.479
Aðrar skammtímaskuldir		7.172.968	6.298.384	7.273.065
		17.267.573	9.983.984	17.680.730
Skuldir og skuldbindingar samtals		48.143.223	44.021.630	54.371.375
Skuldir og eigið fé samtals		66.756.221	64.569.568	90.252.174
				83.698.715

* sjá skýringu 2, 5.mgr.

Skuldbindingar og ábyrgðir utan efnahags..... 30-32

Yfirlit um sjóðstreymi

		Ársreikningur 2022	A-hluti Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021 *endurgert	Ársreikningur 2022	A og B hluti Áætlun 2022 með viðaukum	Ársreikningur 2021 *endurgert
Rekstrarhreyfingar:							
Hagnaður (tap) ársins		(2.047.341)	(128.133)	(426.036)	(2.082.927)	(52.551)	137.720
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:							
Sölutap eigna/ (-hagnaður)		(7.727)			(89.633)		(25.219)
Afskriftir fastafjármuna	7,22	1.673.371	1.488.542	1.536.875	1.903.410	1.718.621	1.763.648
Verðbætur og gengismunur		1.689.901	529.840	823.717	2.209.378	682.362	1.005.340
Vextir og verðbætur, eigin fyrirtæki		(332.981)	(304.603)	(182.595)			
Tap (hagnaður) vegna lóða o.fl.	3	(237.712)		(1.161.346)	(237.712)		(1.161.346)
Breyting lífeyrisskuldbindingar		1.479.309	1.227.977	1.132.080	1.479.309	1.227.977	1.132.079
Veltufé frá rekstri		2.216.820	2.813.623	1.722.695	3.181.825	3.576.409	2.852.221
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:							
Önnheimtar tekjur, (hækkun) lækkun	3	840.813		(159.192)	840.813		(159.192)
Aðrar skammtímakr, (hækkun), lækkun		(384.133)	8.354	(102.346)	(376.603)	8.854	(107.342)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		3.470.032	559.865	1.098.921	3.473.405	699.260	1.098.989
Samtals		3.926.711	568.219	837.383	3.937.615	708.114	832.455
Handbært fé frá rekstri		6.143.531	3.381.843	2.560.078	7.119.440	4.284.523	3.684.676
Fjárfestingarhreyfingar							
Fjárfesting í varanl rekstrarfjármunum	22	(4.384.007)	(6.194.738)	(2.033.837)	(4.693.018)	(6.464.738)	(2.074.414)
Yfirtöku- og gatnagerðargj og sölur íbúða							
Seldir rekstrarfjármunir		201.103		39.976	493.037		38.440
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði					(265.617)		(264.697)
Söluverð íbúðarhúsnæðis					184.730		44.500
Gatnagerðargjöld		195.941		730.525	195.941		730.525
Byggingarréttur		41.772		430.821	41.772		430.821
Fjárfest í eignarhlutum		(51.307)	(51.500)	(199.000)	193		(147.500)
Langtímakröfur, breyting		448.782	(71.067)	189.437	371.501	(71.067)	182.973
Fjárfestingarhreyfingar		(3.547.716)	(6.317.305)	(842.078)	(3.671.460)	(6.535.805)	(1.059.352)
Fjármögnunarhreyfingar							
Tekin ný langtímalán	28	64.720	4.879.037	134.222	142.719	4.879.037	4.038.012
Afborganir langtímal. og uppgreiðslur	28	(2.217.427)	(2.045.994)	(2.150.068)	(2.523.995)	(2.299.767)	(6.186.427)
Afborganir lífeyrisskuldbindingar		(569.489)	(465.790)	(490.141)	(569.489)	(465.790)	(490.141)
Eigin fyrirtæki, breyting		605.209	465.508	813.963			
Fjármögnunarhreyfingar		(2.116.987)	2.832.761	(1.692.024)	(2.950.765)	2.113.481	(2.638.556)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		478.828	(102.702)	25.975	497.215	(137.801)	(13.232)
Handbært fé í ársbyrjun		458.472	308.223	432.496	472.161	357.120	485.394
Handbært fé í lok tímabils		937.300	205.521	458.472	969.376	219.319	472.161

* sjá skýringu 2, 5.mgr.

Skýringar

Upplýsingar um sveitarfélagið

1. Kópavogsbær er sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu og voru íbúar 39.793 þann 1. desember 2022. Skrifstofa sveitarfélagsins er að Digranesvegi 1, Kópavogi. Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 kveða á um grundvallarþætti í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga.

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningur Kópavogsbæjar fyrir árið 2022 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrarreiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða að öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð, Byggingarsjóð M.K. og Þjónustumiðstöð. Hlutdeild í rekstri samrekstrarfélaga er einnig færð í A-hluta, sjá 5. mgr. Til B hluta teljast stofnanir sem að stofni til eru fjármagnaðar með þjónustutekjum. Stofnanir sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður, Húsnæðisnefnd Kópavogs, Bilstæðasjóður og Tónlistarhús Kópavogs.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningshald sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að öðru leiti en frá er greint frá í 5.mgr. hér að neðan.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrarreininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrarreininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrarreininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupna á vöru og þjónustu. Þá er einnig um að ræða reiknaða vexti milli langtímalána Aðalsjóðs og annarra rekstrarreininga.

Á árinu innleiddi Kópavogsbær reglugerðarbreytingu nr. 230/2021 á 20 gr. reglugerðar nr. 1212/2015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga vegna reikningshaldslegrar meðferðar byggðarsamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagsforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð Kópavogsbæjar. Í breytingunni felst að bærinn færir nú hlutdeild hans í einstökum liðum rekstrar og efnahags viðkomandi félaga til samræmis við hlutfallslega ábyrgð sína. Áhrif þessa voru þau að bærinn færir nú hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS), vegna Sorpu bs, Strætó bs, Heilbrigðisefirlits Kópavogs, Garðabæjar og Hafnarfjarðar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) í A-hluta samkvæmt fyrirbættum frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála (innviðaráðuneyti). Gerð er nánari sundurlitun á þessum færslum í skýringu 34.

Reikningsskilaaðferðir

Innlausn tekna

3. Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna teljast útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna reiknast sem mismunur á söluerði og bókfærðu verði og færist til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi. Mismunur á úthlutuðum byggingarrétti og kostnaði við uppkaupt lands vegna þeirra lóða sem til úthlutunar eru færir með sama hætti sem söluhagnaður meðal annarra tekna í rekstrarreikningi. Álögd gatnagerðargjöld eru færð til lækkunar á kostnaði við nýframkvæmdir gatna.

Færsla gjalda

4. Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Verðlags- og gengisviðmið

5. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2022. Eignir og skuldir sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í ársbyrjun 2023. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfestingar vegna gatnagerðarframkvæmda eru eignfærðar að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum. Íbúðir sem Húsnæðisnefnd Kópavogs leigir út eru metnar á fasteignamati sem tekur gildi þann 1. janúar 2023. Endurmat íbúða er fært á eignfjárréikning.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Þessar lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er fært á eignfjárréikning.

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna annarra en leigðra eigna

7. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Fasteignir.....	20 - 100 ár
Veitukerfi og hafnarmannvirki.....	33 - 40 ár
Gatnakerfi.....	33 ár
Vélar, áhöld og tæki.....	5 - 12 ár

Eignarhlutir í félögum

8. Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, sjá nánar í 5. mgr. skýringar 2. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðkomandi málaflokks.

Sveitarfélagið færir í samanteknum reikningsskilum sínum hlutdeild í einstökum liðum rekstrar og efnahags byggðasamlaga, sameignarfélaga, sameignarfyrirtækja og annarra félagsforma sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélagsins.

Eignfært er á árinu 2022 framlag til Tónlistarhúss Kópavogs 51,5 millj.kr.

Langtímakröfur

9. Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna. Á meðal næstu árs afborganna er fyrirframgreiðsla vegna Betri samgangna ohf./Samgöngusáttmála en nánari upplýsingar má sjá í skýringu 23 og 27.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjörs A-deilda á árinu 2022 er færð til eignar og frá og með 2018 er framlag í lífeyrisaukaskjóð gjaldfært á 30 árum frá og framlag í varúðarsjóð gjaldfært á 20 árum. Er þetta gert í samræmi við ákvæði reglugerðar 212/2015.

Önnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

10. Önnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfierslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

Ófrágengnar íbúðir

11. Í árslok 2022 átti Húsnæðisnefnd Kópavogs fjórar ófrágengnar íbúðir.

Handbært fé

12. Sjóðir, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

13. Fjárfesting sem áttu sér stað fyrir ársbyrjun 2002 í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Lífeyrisskuldbinding

14. Áætluð lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrissréttinda starfsmanna bæjarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi í árslok 2022. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi samanber skýringu 27.

Leiguskuldir

15. Í maí 2018 var gerður leigusamningur um húsnæðið að Fannborg 6 og er samningurinn upphaflega til 5 ára. Samningurinn er færður til eignar og skuldar á núvirði lágmarksleigugreiðslna vegna hans út leigutímann. Við útreikning á núvirði leigugreiðslna er miðað við áætlaða ávöxtunarkröfu leigusala, eða aðra ávöxtunarkröfu sem notuð er til að meta verðmæti eignar út frá sjóðstreymi hennar.

Langtímaskuldir

16. Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

Fjárhagsáætlun

17. Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2022 með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt er birt sem samanburðarfjárhæð í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykktu fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með skýringum í skýringum 37.

Rekstrartekjur

18. Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti			A og B hluti		
	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur
	2022	2022	2021	2022	2022	2021
Skatttekjur:						
Útsvar	28.768.414	28.169.595	26.192.191	28.768.414	28.169.595	26.192.191
Fasteignaskattur	4.144.043	4.069.049	3.843.414	4.046.196	3.981.852	3.753.246
Lóðarleiga	360.867	479.301	361.364	360.867	479.301	361.364
Skatttekjur samtals	33.273.325	32.717.944	30.396.969	33.175.478	32.630.748	30.306.801
Jöfnunarsjóður:						
Framlag vegna grunnskóla.....	475.924	484.153	429.484	475.924	484.153	429.484
Framlag vegna sérþarfa fatlaðra.....	167.556	158.900	194.668	167.556	158.900	194.668
Framlag vegna nýbúafræðslu.....	71.365	61.800	64.500	71.365	61.800	64.500
Framlag vegna tónlistaskóla.....	47.549	42.951	45.925	47.549	42.951	45.925
Önnur framlög.....	1.417.905	1.030.798	1.109.195	1.417.905	1.030.798	1.109.195
	2.180.298	1.778.602	1.843.772	2.180.298	1.778.602	1.843.772
Skatttekjur og jöfnunarsjóður samtals	35.453.623	34.496.546	32.240.741	35.355.777	34.409.350	32.150.573
Aðrar tekjur:						
Þjónustutekjur o.fl.....	7.644.757	7.167.697	6.943.522	9.911.403	9.164.816	9.023.007
Tekjur/(gjöld) vegna lóðaúthlutana o.fl.....	246.217	0	1.161.346	246.217	0	1.161.346
Aðrar tekjur samtals	7.890.974	7.167.697	8.104.868	10.157.621	9.164.816	10.184.353
Rekstrartekjur samtals	43.344.597	41.664.242	40.345.610	45.513.397	43.574.166	42.334.925

Álagningarhlutfall útsvars var 14,48% en lögbundið hámark þess er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki nam 0,20% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokki nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokki nam álagningarhlutfallið 1,44% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórna til að hækka álagningu A og C flokkanna um allt að 25%.

Laun og launatengd gjöld

19. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Ársreikningur	A hluti	Ársreikningur	Ársreikningur	A og B hluti	Ársreikningur
	2022	Áætlun 2022	2021	2022	Áætlun 2022	2021
		m/viðaukum			m/viðaukum	
Laun	19.051.295	18.457.274	18.143.571	19.163.511	18.602.883	18.340.620
Launatengd gjöld	4.496.570	4.211.044	4.101.955	4.521.913	4.243.369	4.029.767
Laun og launatengd gjöld án br. á líf.skuldb.....	23.547.865	22.668.318	22.245.526	23.685.424	22.846.252	22.370.387
Breyting lífeyrisskuldbindingar *).....	1.407.138	1.156.910	1.056.416	1.407.138	1.156.910	1.056.416
Laun og launatengd gjöld samtals	24.955.003	23.825.228	23.301.942	25.092.562	24.003.162	23.426.803

*) Sjá skýr. 27

Í lok árs 2022 voru 3.123 manns á launaskrá. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 2.053 að undanskildum vinnuskóla og nefndarstörfum. Í lok árs 2021 voru 2.917 manns á launaskrá. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu var 2.094 að undanskildum vinnuskóla og nefndarstörfum.

Laun og launatengd gjöld bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu 166 millj. kr. á árinu 2022.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

20. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Ársreikningur	A hluti	Ársreikningur	Ársreikningur	A og B hluti	Ársreikningur
	2022	Áætlun 2022	2021	2022	Áætlun 2022	2021
Vaxtatekjur.....	(170.606)	(43.097)	(47.686)	(171.655)	(43.097)	(48.370)
Vaxtagjöld	1.168.648	961.299	993.373	1.277.289	1.065.183	1.098.791
Vextir og verðbætur á eigin fyrirtæki.....	(336.711)	(304.603)	(182.723)	0	0	0
Verðbóttagjöld / (tekjur).....	1.745.018	476.813	829.991	2.257.918	629.345	1.011.179
Gengistap / (hagnaður).....	(775)	0	1.184	508	0	2.199
Hagnaður af eignarhlutum.....	(4.486)	(4.300)	(7.907)	(4.486)	(4.300)	(7.907)
	2.401.088	1.086.112	1.586.232	3.359.574	1.647.130	2.055.893

21. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs, stofnana og fyrirtækja greinist þannig:

Aðalsjóður:	Ársreikningur			Áætlun	Ársreikningur
	2022			2022	2021
	Niðurstaða				
	Gjöld	Tekjur	(nettó)	(nettó)	(nettó)
Skatttekjur	36.273	36.173.899	36.137.626	35.243.371	32.916.556
Félagsþjónusta.....	6.957.120	1.003.270	(5.953.849)	(5.652.018)	(5.225.004)
Heilbrigðismál.....	2.160	0	(2.160)	(2.160)	(2.071)
Fræðslu- og uppeldismál.....	21.700.358	1.632.650	(20.067.708)	(19.537.999)	(18.885.625)
Menningarmál.....	944.160	213.061	(731.098)	(721.456)	(699.940)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	6.732.180	2.652.769	(4.079.411)	(4.065.663)	(3.807.589)
Brunamál og almannavarnir.....	399.704	0	(399.704)	(397.117)	(373.168)
Hreinlætismál.....	763.431	755.866	(7.566)	(93.378)	(22.567)
Skipulags- og byggingarmál.....	629.204	330.273	(298.931)	(295.732)	(229.296)
Umferðar- og samgöngumál.....	1.773.034	2.442	(1.770.592)	(1.541.914)	(1.400.707)
Umhverfismál.....	466.744	1.627	(465.117)	(470.510)	(486.421)
Atvinnumál.....	97.261	33.861	(63.400)	(80.156)	(70.728)
Framlög til B-hluta fyrirtækja.....	42.000	0	(42.000)	(42.000)	(42.000)
Samеiginlegur kostnaður.....	2.816.108	872.320	(1.943.788)	(1.736.471)	(2.415.076)
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	1.407.138	0	(1.407.138)	(1.156.910)	(566.275)
Endurgreiddur virðisaukaskattur frá fyrri árum.....	0	0	0	0	50.332
Fjármagnsliðir (nettó).....	(2.233.811)	0	2.233.811	1.350.177	1.269.030
Aðalsjóður samtals	42.533.063	43.672.039	1.138.976	800.063	9.452
A hluta stofnanir:					
Eignasjóður.....	7.829.915	5.001.749	(2.828.166)	(699.891)	(191.745)
Byggingarsjóður M.K.....	26.521	20.945	(5.575)	3.053	(546)
Þjónustumiðstöð.....	809.568	465.240	(344.328)	(259.748)	(285.010)
Samræktstrarfélög.....	3.087.503	3.079.255	(8.248)	28.390	41.814
Innri færslur A- hluti.....	(8.894.631)	(8.894.631)	(0)	0	0
	2.858.875	(327.441)	(3.186.317)	(928.196)	(435.487)
A hluti samtals	45.391.938	43.344.597	(2.047.341)	(128.133)	(426.036)
B hluta fyrirtæki:	Ársreikningur			Áætlun	Ársreikningur
	2022			2022	2021
	Niðurstaða			Niðurstaða	
	Gjöld	Tekjur	(nettó)	(nettó)	(nettó)
Fráveita Kópavogs.....	608.734	878.082	269.348	253.089	463.983
Vatnsveita Kópavogs.....	661.426	870.189	208.763	75.299	255.459
Hafnarsjóður Kópavogs.....	100.423	79.489	(20.934)	1.935	(2.946)
Húsnæðisnefnd Kópavogs.....	1.426.088	992.168	(433.920)	(184.369)	(76.387)
Bílastæðasjóður Kópavogs.....	7.253	9.360	2.107	(0)	(177)
Tónlistarhús Kópavogs.....	167.725	106.775	(60.951)	(70.373)	(76.176)
Innri færslur A og B hluta.....	(767.263)	(767.263)	0	0	0
A og B hluti samtals	47.596.324	45.513.397	(2.082.927)	(52.551)	137.720

Varanlegir rekstrarfjármunir

A hluti

22. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Götur, veitukerfi og hafnarmannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Leigð eign	Samtals	Ársreikningur 2021
Heildarverð 1.1.	43.738.529	25.999.791	295.356	44.893	70.078.568	67.749.811
Áður afskrifað.....	(14.399.910)	(5.100.170)	(151.675)	0	(19.651.755)	(18.247.174)
	29.338.619	20.899.621	143.680	44.893	50.426.814	49.502.637
Bókfært verð 1.1.samrekstrarfélög.....	1.530.291	0	364.304	0	1.894.595	1.898.191
Samtals bókfært verð 1.1.	30.868.910	20.899.621	507.984	44.893	52.321.409	51.400.828
Viðbætur á árinu.....	3.446.257	1.065.538	99.252	0	4.611.047	2.445.209
Fært í húsnæðisnefnd á árinu	(347.033)	0	0	0	(347.033)	0
Selt og fært út á árinu.....	(142.724)	0	(18.239)	(32.414)	(193.376)	(40.097)
Afskrifað á árinu	(965.529)	(614.919)	(92.923)	0	(1.673.371)	(1.536.876)
Endurmat lóða og lendna.....	0	112.401	0	0	112.401	52.344
Bókfært verð 31.12.	32.859.882	21.462.642	496.075	12.479	54.831.077	52.321.409

A og B hluti

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Götur, veitukerfi og hafnarmannvirki	Vélar, áhöld og tæki	Leigð eign	Samtals	Ársreikningur 2021
Heildarverð 1.1.	63.407.454	38.177.034	304.386	44.893	101.933.767	97.607.634
Afskrifað áður	(15.637.384)	(13.413.501)	(158.695)	0	(29.209.580)	(27.581.359)
	47.770.070	24.763.533	145.691	44.893	72.724.187	70.026.275
Bókfært verð 1.1.samrekstrarfélög.....	1.530.291		364.304		1.894.595	1.898.191
Bókfært verð 1.1.	49.300.361	24.763.533	509.995	44.893	74.618.782	71.924.466
Viðbót á árinu.....	4.091.320	1.082.615	99.252	0	5.273.187	2.658.351
Selt og fært út á árinu.....	(624.994)	0	(18.239)	(32.414)	(675.647)	(25.766)
Afskrifað á árinu	(1.044.636)	(765.482)	(93.292)	0	(1.903.410)	(1.763.648)
Endurmat.....	4.098.798	112.401	0	0	4.211.200	1.825.379
Bókfært verð 31.12.	55.820.849	25.193.068	497.716	12.479	81.524.112	74.618.782

Á árinu 2022 eru fasteignir Húsnæðisnefndar Kópavogs endurmetnar þannig að þær eru bókaðar á fasteignamati sem tók gildi 1. janúar 2023.

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna bæjarfélagsins, fasteignamat og brunabótamat greinist þannig í árslok:

A hluti	Fasteignamat	Bruna- bótamat	Bókfært verð	Ársreikningur 2021
Leikskólar	4.952.150	7.895.780	3.319.738	2.825.621
Skólar	22.458.415	36.378.100	11.143.266	9.616.256
Íþróttamannvirki	12.620.320	19.349.260	11.340.776	10.808.605
Aðrar eignir	13.382.316	19.803.172	7.056.101	7.618.428
	53.413.201	83.426.312	32.859.882	30.868.910
Lóðir, lönd og götur	3.024.026	0	21.462.642	20.899.621
Vélar, áhöld og tæki	0	0	496.075	507.984
Leigð eign	0	0	12.479	44.893
Samtals A hluti	56.437.227	83.426.312	54.831.077	52.321.409

B hluti	Fasteignamat	Bruna- bótamat	Bókfært verð	Ársreikningur 2021
Félagslegar íbúðir	22.816.400	16.273.760	22.625.994	18.083.912
Tónlistarhús Kópavogs (eignahluti 77,85%)	500.000	943.450	334.973	347.539
			22.960.968	18.431.451
Veitukerfi	0	0	3.316.928	3.452.058
Hafnarmannvirki	0	0	413.498	411.854
			3.730.426	3.863.912
Vélar, áhöld og tæki	0	0	1.642	2.011
Samtals B hluti	23.316.400	17.217.210	26.693.035	22.297.374
Samtals A og B hluti	79.753.627	100.643.522	81.524.112	74.618.782

Á árinu 2008 var nýtt heimild 31. greinar laga nr. 3/2006 um ársreikninga til sérstaks endur mats fasteigna í eigu Húsnæðisnefndar Kópavogs. Endurmatið fólst í að hækka bókfært verð húsnæðis til samræmis við fasteignamatssverð þeirra og var þetta gert til og með ársreikningi 2012. Ekkert endurmat var gert 2013-2017, en á þeim tíma höfðu orðið verulegar hækkanir á húsnæðismarkaði og gaf bókfært verð íbúða því ekki rétta mynd af efnahag. Því var við vinnslu ársreiknings 2018 bókfært verðmæti íbúða hækkað í fasteignamat og hefur verið gert síðan. Endurmatið í þessu uppgjöri nemur kr. 4.099 milljónum nettó. Endurmat lóða og lendna sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af nam á árinu 112 millj.kr. til hækunar. Endurmat þessara eigna færast á móti á eiginfjárreikning, sbr. skýr. nr. 26.

Áhættufjármunir og langtímakröfur:

23. Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

Eignarhlutur	A hluti Bókfært verð	A og B hluti Bókfært verð	A hluti 2021	A+B hluti 2021
Dótturfélög:				
Tónlistarhús Kópavogs, stofnframlög.....	77,85% 1.234.000	0	1.182.500	0
Húsnæðisnefnd Kópavogs, stofnframlög.....	100,00% 491.917	0	491.917	0
	1.725.917	0	1.674.417	0
Önnur félög:				
Betri samgöngur ohf.....	4,07% 163	163	163	163
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.....	5,52% 488.254	488.254	488.254	488.254
Vatni ehf.....	100,00% 30.800	30.800	30.800	30.800
Músik og saga ehf.....	100,00% 4.000	4.000	4.000	4.000
Leikskólinn Undraland ehf.....	100,00% 66.000	66.000	66.000	66.000
Eignahlutur Sorpu bs. Í Metan ehf.....	100,00% 3.244	3.244	3.437	3.437
	592.461	592.461	592.654	592.654
	2.318.378	592.461	2.267.071	592.654

Á árinu 2020 var félagið Betri samgöngur ohf. stofnað með kr. 4 milljónum í hlutafé. Stofnendur eru Ríkissjóður og sveitarfélagin á höfuðborgarsvæðinu.

Félagið er stofnað til að halda utan um samgönguframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu fyrir allt að kr. 120.000 milljónum samkvæmt samkomulagi á milli eigna.

